

Siðareglur SFV

1. gr.

Almennt

Siðareglur SFV byggja á grunngildum samtakanna og fjalla nánar um þau siðferðislegu gildi sem stjórn og starfsmenn (hér eftir saman nefndir fulltrúar eða fulltrúar SFV) skulu tileinka sér og hafa að leiðarljósi í störfum sínum.

Markmið reglnanna er að stuðla að heilindum, fagmennsku, óhæði og trúverðugleika og standa þannig vörð um orðspor og sjálfstæði SFV og efla traust og tiltrú á starfsemi samtakanna. Stjórn, starfsmenn og aðrir sem starfa fyrir eða á vegum SFV, t.d. í hópastarfi samtakanna eða sem formlega skipaðir fulltrúar þeirra í vinnu með stjórnvöldum, skulu leggja sig fram við að fylgja siðareglunum og öðrum reglum sem þær vísa til.

2. gr.

Gjafir og fríðindi

Fulltrúar SFV skulu ekki þiggja gjafir, fyrirgreiðslu eða þjónustu sem gætu haft áhrif á störf þeirra og ásýnd þeirra eða samtakanna. Slík móttaka starfsmanna á gjöfum, fyrirgreiðslu eða þjónustu getur leitt til hagsmunaárekstra, orkað tvímælis, dregið úr hlutleysi og haft áhrif á dómgreind þeirra í starfi.

Fulltrúar SFV geta ekki beitt sér til að greiða fyrir viðvik innan aðildarfélaga.

Fulltrúar SFV geta ekki veitt aðgang að aðildarfélögum til að koma að upplýsingum um vörur eða þjónustu.

3. gr.

Hagsmunaárekstrar, vanhæfi og önnur störf

Starfsfólk SFV er ekki heimilt að taka að sér önnur störf án samþykkis framkvæmdastjóra og/eða eftir atvikum stjórnar.

Fulltrúar SFV notfæra sér ekki stöðu, aðstöðu eða upplýsingar fengnar í starfi í þágu einstaka aðildarfélaga, eiginhagsmuna eða hagsmuna tengdra aðila.

Fulltrúar SFV skulu ekki stunda viðskipti sem gætu með réttu gefið tilefni til tortryggni, t.d. að því er varðar meðferð og notkun upplýsinga, sem þeir öðlast í störfum sínum, eða hvað annað sem getur skaðað trúverðugleika samtakanna.

Fulltrúar SFV upplýsa stjórn um fjárhagsleg hagsmunatengsl eða önnur tengsl sem valdið geta hagsmunaárekstrum.

Starfsmenn SFV og eftir atvikum stjórnarmenn sem tala máli samtakanna gagnvart stjórnvöldum og leitast við að hafa áhrif á störf þeirra í atvinnuskyni skulu tilkynntir til forsætisráðuneytisins sem hagsmunaverðir í samræmi við ákvæði laga nr. 64/2020 um varnir gegn hagsmunaárekstrum í Stjórnarráði Íslands.

4. gr.

Ábyrgð í fjármálum

Fulltrúum SFV ber að sýna ráðdeild við meðferð fjármuna samtakanna. Ekki skal stofnað til útgjalda fyrir hönd samtakanna nema tilefni þeirra samræmist starfsemi þeirra og hlutverki.

Starfsfólki SFV ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á tekjum SFV. Við störf sín skulu þeir ekki aðhafast neitt sem felur í sér misnotkun á verðmætum SFV.

Fulltrúar SFV skulu aldrei taka við umboðslaunum eða loforðum um umboðslaun, fyrir hvers konar verkefni eða fyrirsvar í tengslum við störf sín hjá SFV.

5. gr.

Jafnrétti og samfélagsleg ábyrgð

Jafnrétti er leiðarljós í starfi SFV. Fulltrúar SFV skulu styðja við og efla menningu sem byggir á jafnrétti, fjölbreytileika, inngildingu og gagnkvæmri virðingu.

Fulltrúar SFV skulu gæta þess að í störfum þeirra sé fólki ekki mismunað vegna kyns, kynþáttar, þjóðernisuppruna, tungumáls, fötlunar, starfsgetu, trúar, lífsskoðana, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna, kyntjáningar, stjórnmalaskoðana, stéttar, líkamsgerðar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Fulltrúar SFV skulu sýna gott fordæmi í umgengni við náttúru, umhverfi og samfélag.

6. gr.

Starfs- og stöðuveitingar

Fulltrúar SFV skulu tryggja að störf eða stöðuveitingar byggist á hæfi einstaklingsins eingöngu og að hæfasti einstaklingurinn sé ávallt valinn í viðkomandi starf.

Starfsfólk SFV skulu ekki hafa nána aðstandendur undir beinni stjórn sinni í starfseminni, nema í undantekningartilvikum sem eru þá ætíð í samráði við næsta yfirmann.

7. gr.

Tjáning á opinberum vettvangi

Fyrirsvar SFV í opinberri umræðu er í höndum framkvæmdastjóra samtakanna.

Í þeim undantekningar tilvikum þar sem einstakir stjórnarmenn stíga inn í umræðu samkvæmt ákvörðun stjórnar skal það eingöngu gert í nafni SFV en ekki í nafni þess aðildarfélags sem viðkomandi starfar hjá.

Við þátttöku í eigin nafni í umræðu um málefni sem tengjast starfsemi SFV skulu fulltrúar SFV leitast sérstaklega við að vera málefnalegir, gæta varfærni og hófsemi í tjáningu sinni, virðingar gagnvart fólki og málefnum og gæta að þagnarskyldu sinni.

Taki fulltrúar SFV þátt í opinberri umræðu í eigin nafni, hvort sem er á samfélagsmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi, í starfi stjórnmalaflokka, starfi hagsmunasamtaka eða í sambærilegu félagsstarfi skulu þeir ekki tengja starf sitt hjá SFV við umræðuna. Jafnframt skulu fulltrúar SFV gæta að því að framganga þeirra og tjáning sé með þeim hætti að hún fari ekki á svig við trúnaðarskyldur þeirra gagnvart samtökunum, eins og þær ráðast af stöðu og starfi viðkomandi, grafi undan orðspori og trúverðugleika samtakanna eða rýri á annan hátt traust til þeirra.

8. gr.

Þagnar- og trúnaðarskylda

Fulltrúar SFV skulu gæta trúnaðar- og þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum, reglum eða eðli máls. Þeir skulu einnig virða trúnað varðandi ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum sem og innihald skjala eða annarra gagna sem þeir fá aðgang að vegna starfs síns og trúnaður skal ríkja um. Trúnað ber að halda eftir að störfum lýkur.

Fulltrúar SFV skulu fara að lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og fylgja persónuverndarstefnu samtakanna.

9. gr.

Háttvísi og samskipti

Fulltrúar SFV skulu fylgja settum reglum samtakanna og er óheimilt að aðhafast nokkuð sem getur skaðað ímynd eða trúverðugleika samtakanna.

Fulltrúar SFV virða ólíkar skoðanir, ólíka hagsmuni aðildarfélaga og sýna öðrum virðingu. Fulltrúar koma fram af heiðarleika, heilindum, kurteisi og fagmennsku og tileinka sér vinnubrögð sem skapa traust á starfi SFV.

10. gr.

Gildistaka, endurskoðun, skuldbinding o.fl.

Fulltrúum SFV ber að tileinka sér þessar siðareglur og lýsa því yfir að þeir séu reiðubúnir til að hafa þessar siðareglur að leiðarljósi. Siðareglur SFV eru hluti af starfsskyldum fulltrúa og skulu vera aðgengilegar öllum aðildarfélögum.

Aðalfundur SFV samþykkir siðareglur samtakanna. Siðareglur þessar taka gildi frá staðfestingu þeirra á aðalfundi.

Siðareglur þessar skulu teknar til umræðu í stjórn árlega og endurskoðaðar ef ástæða þykir til og eftir atvikum bornar fyrir aðalfund SFV.

Siðareglur þessar skulu lagðar fyrir stjórn til undirritunar á fyrsta fundi stjórnar eftir hvern aðalfund.

Starfsmenn SFV skulu undirrita siðareglur þessar við upphaf ráðningasambands og eftir atvikum við endurskoðun reglnanna.

11. gr.

Málsmeðferð og viðurlög

Ef grunur leikur á að fulltrúi SFV hafi brotið gegn siðareglum þessum og/eða öðrum settum reglum SFV skal málið borið undir siðanefnd samtakanna.

Formaður siðanefndar tekur við skriflegum erindum um meint brot á siðareglum frá nafngreindum aðilum innan eða utan aðildarfélaga SFV.

Hægt er að senda ábendingar beint til formanns siðanefndar í gegnum ábendingarhnapp á heimasíðu SFV.

Um málsmeðferð og viðurlög fer samkvæmt starfsreglum siðanefndar SFV.

Siðareglur SFV samþykktar á aðalfundi 28. apríl 2025